



Nefndarsvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1666*  
*komudagur 12. 4. 2010*

Reykjavík, 8. apríl 2010  
EBI/ebg

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum á 138. löggjafarþingi, þskj. 186 – 167. mál**  
*Tilv. 2010030005*

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. mars 2010.

Bændasamtök Íslands fagna fram kominni þingsályktunartillögu um úttekt á gjaldmiðilsmálum og lýsa yfir stuðningi við hana. Bændasamtök Íslands taka undir að mikilvægt er að fram fari fagleg og vönduð greining á þeim kostum sem Íslendingum bjóðast í gjaldmiðilsmálum. Í þessu sambengi vísa Bændasamtök Íslands til ályktunar Búnaðarþings 2010 um aðildarumsókn að ESB þar sem m.a. kemur fram að Búnaðarþing telur ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags- og peningamálum á grundvelli EES samningsins.

#### **Aðildarumsókn að ESB - Yfirlýsing Búnaðarþings 2010.**

Búnaðarþing 2010 ítrekar andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið lýsir fullum stuðningi við áherslur Bændasamtakanna og felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja áfram á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.


Efnisleg rök Bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Þorri landsmanna er sammála bændum. Það endurspeglast í nýrri skoðanakönnun Capacent sem leiðir í ljós að rúm 84% þjóðarinnar telja að það skipti öllu eða miklu máli að vera ekki öðrum þjóðum háð um landbúnaðarafurðir. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr

nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka.

Ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af hvernig stjórnvöld halda á hagsmunum þjóðarinnar í umsóknarferlinu. Íslensk stjórnsýsla er undirmönnuð og vanbúin til að takast á við þetta verkefni eins og m.a. er vikið að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands. Athyglisvert er að í áðurnefndri skoðanakönnun Capacent treystir aðeins ríflega fjórðungur þjóðarinnar stjórnvöldum vel til þess að halda á hagsmunum Íslands í þessu máli. **Eins telur Búnaðarþing ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags og peningamálum á grundvelli EES samningsins.**

Búnaðarþing telur að fulltrúar samtakanna í samningahópum stjórnvalda þurfi að starfa þar áfram undir formerkjum þeirra varnarlína sem stjórn BÍ kynnti á formannafundi sl. haust. Áframhaldandi þátttaka í samningahópum felur ekki í sér ábyrgð á samningaferlinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Eiríkur Blöndal